

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 199/2012

2013/EES/6/09

frá 26. október 2012

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 180/2012 frá 28. september 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1286/2011 frá 9. desember 2011 um samþykkt sameiginlegrar aðferðafræði við rannsókn sjóslysa og atvika á sjó sem þróuð er skv. 4. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 55ca (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2011) í XIII. viðauka við samninginn:

„55cb. **32011 R 1286**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1286/2011 frá 9. desember 2011 um samþykkt sameiginlegrar aðferðafræði við rannsókn sjóslysa og atvika á sjó sem þróuð er skv. 4. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/18/EB (Stjtið. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 36).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1286/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2012 frá 30. mars 2012 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 341, 13.12.2012, bls. 34, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 70, 13.12.2012, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 36.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 42, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 51.